



## **Fundargerð**

317. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 9. desember 2010, kl. 15:15

Fundarstaður, fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson, Andrea Björnsdóttir, Eiríkur Kristjánsson og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 3 blaðsíður.

Oddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið. Leitað hann afbrigða að taka þrjú mál á dagskrá undir liðnum önnur mál, var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

## **Dagskrá:**

### **Fundargerðir:**

#### **1. Fundargerð 316. fundar hreppsnefndar 16. nóvember 2010.**

*Farið yfir fundargerð, fundargerð samþykkt.*

#### **2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 22. nóvember 2010.**

*Eiríkur Kristjánsson fór yfir helstu atriði. 3. liður, tillaga frá nefndinni um stýrihóp um skólastefnu Reykhólahrepps. Hreppsnefnd líst vel á hugmyndina, Eiríki falið að koma með fastmótaðar hugmyndir á næsta fundi. Liður 5 tillaga um þriggja manna nefnd um safnamál samþykkt. Liður 8 þar sem nefndin mælir með ráðningu stuðningsfulltrúa, Ásta Sjöfn gerði grein fyrir hagræðingu þess valdandi að ekki var þörf fyrir stuðningsfulltrúa fram að áramótum. 9. liður Ásta Sjöfn ítrekaði reglur um Reykhólaskóla vegna útleigu hans. Fundargerð lögð fram og samþykkt.*

#### **3. Fundargerð félagsmálanefndar 25. nóvember 2010.**

*Lögð fram*

#### **4. Fundargerð félagsmálanefndar 7. desember 2010.**

*Lögð fram*

#### **5. Fundargerð stjórnar dvalarheimilisins Barmahlíðar 29. nóvember 2010.**

*4. lið vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. 5. lið vísað til byggingafulltrúa til kostnaðargreiningar. Fundargerð samþykkt.*

#### **6. Fundargerð brunamála- og almannavarnanefndar 6. desember 2010.**

*Fundargerð lögð fram og samþykkt.*

## Mál til afgreiðslu:

### 1. **1011024 - Útsvarsprósenta fyrir árið 2011.**

Fyrirvari vegna ákvörðunar útsvarsprósentu.

*Hreppsnefnd samþykkti á 316. fundi að útsvarshlutfall árið 2011 yrði óbreytt 13,28% en gerir fyrirvara um að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og hækkun útsvarshlutfalls um 1,20 prósentustig sem af því leiðir, verður álagningahlutfallið 14,48% á árinu 2011.*

### 2. **1011018 – Styrkbeiðni vegna félagsstarfs eldri borgara.**

Erindi frá Félagi eldri borgara, frestað á 315. fundi.

*Samþykkt að styrkja starfsemina um 70.000 kr. á árinu 2011 vísað í gerð fjárhagsáætlunar.*

### 3. **1012001 – Styrkbeiðni vegna mennta – og menningarferðar starfsfólks Barmahlíðar árið 2011.**

Erindi frá hjúkrunarforstjóra Barmahlíðar fyrir hönd starfsmannafélags Barmahlíðar dagsett 6. desember 2010.

*Samþykkt að vísa erindinu í gerð fjárhagsáætlunar.*

### 4. **1012002 – Áhrif rusls og úrgangs á lífríki hafs og stranda.**

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 24. nóvember 2010.

*Hreppsnefnd telur að úrgangur í fjörum og við strandir sé ekki vandi í Reykhólahreppi. Samþykkt samhljóða.*

### 5. **1012003 - Velferðarnefnd, sameiginleg nefnd Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.**

Samningur um Velferðarnefnd og erindisbréf til nefndarinnar ásamt áætluðum kostnaði vegna ársins 2011. Útreikningar Svæðisskrifstofu málaefna fatlaðra á stöðugildum vegna flutnings málefna fatlaðra yfir til sveitarfélaganna.

*Hreppsnefnd samþykkir samning um Velferðarnefnd og erindisbréf. Sveitarstjóra falið að skrifa undir samning. Jafnframt er samþykkt að Velferðarnefnd taki til starfa 1. janúar 2011 og þá leggst niður sú félagsmálanefnd sem nú starfar í Reykhólahreppi.*

## Mál til kynningar:

### 6. **1012004 - Aðgengi fatlaðra að helstu þjónustustöðum á Vestfjörðum.**

Þrjú erindi frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum dagsett 1. nóvember 2010. Aðgengi að hreppsskrifstofu, aðgengi að Grettislaug og aðgengi að húsnæði sem hýsir Hólakaup.

*Erindi lögð fram. Hreppsnefnd lýsir vilja sínum til að lagfæra aðgengi fatlaðra að stofnunum hreppsins. Ákveðið að vísa í gerð fjárhagsáætlunar hvort hægt verði að fara í einhverjar lagfæringar á árinu 2011 og næstu ár á eftir.*

### 7. **1012005 – Fundargerð 781. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

*Lögð fram*

**8. 1012006 – Skólaskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2010.**

*Lögð fram.*

**9. 1012007 – 114. fundur Breiðafjarðarnefndar.**

*Fundargerð lögð fram*

**10. 1012008 - 121. fundur skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði.**

*Fundargerð lögð fram*

**Önnur mál:** Löglega upp borin.

**11. Fundargerð umhverfis og náttúruverndarnefndar Reykhólahrepps 8. desember 2010.**

*Fundargerð lögð fram og samþykkt.*

**12. Byggðasamlag Vestfjarða.**

- a. Samstarfssamningur sveitarfélaga á Vestfjörðum um starfrækslu Byggðarsamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.
- b. Þjónustusamningur félagsþjónustusvæða sveitarfélaga á Vestfjörðum.
- c. Erindisbréf verkefnahóps um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum.
- d. Erindisbréf verkefnisstjóra Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

*Hreppsnefnd Reykhólahrepps samþykkir lið a, b, c og d samhljóða, sveitarstjóra falið að skrifa undir samninga fyrir hönd hreppsnefndar.*

**13. Erindi frá Jónasi Samúelssyni dagsett 8. desember 2010 þar sem hann óskar eftir endurnýjun á samningi um Kötluland.**

*Erindi lagt fram. Hreppsnefnd mun yfirfara núverandi samninga og gera tillögu að nýjum samningi.*

**14. Áramótabrenna á Reykhólum**

*Sveitarstjóri fær umboð til að ganga frá leyfi fyrir áramótabrennu ásamt slökkviliðsstjóra.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19:40**

---

---

---

